



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

ári sem fulltrúi í Ungmennaraði Hafnarfjarðar.

Ungmennaráðið skipa ungir 12 Hafnfirðingar á aldrinum 13-18 ára sem koma úr hinum ýmsu áttum og eru allir með mikið á sinni könnu eins og sjá má forfölluðust sjö fulltrúar í dag. Markmiðið er að vera rödd unga fólksins í bænum okkar og koma skoðunum þeirra sem enn ekki hafa kosningarátt á framfæri. Enginn formaður er í ráðinu og standa allir jafnir og er fundarstjóri valinn fyrir hvern fund fyrir sig. Í veturn hefur ráðið fundað 19 sinnum og er fundarstaður Húsið, ungmannahús. Á fundum eru þau málefni rædd sem standa hæst þá stundina og meðal verkefna var að að velja nafn á ungmannahúsið þegar það fluttist frá Mjósundi 10 eða Staðarbergi 6 þar sem ekki hæfði lengur að hafa nefnið gamla bókó og var því nafnið Húsið fyrir valinu

Öðru hverju er hefbundið fundarhald brotið upp með heimsókn frá hinum ýmsu aðilum sem tengjist ráðinu á einn eða annan hátt meðal þessara heimsókna í veturn var heimsókn Guðrúnar Águstu þar sem hún fræddi okkur um starf sitt sem bæjarstjóri og starf fjölskyldusviðs. Þá á Ungmennaráð áheyrnarfulltrúa í ÍTH nefnd. Auk reglubundinna fundarhalda hafa fulltrúar ráðsins sótt tvær ráðstefnur nú á vormánuðum og haldið árlegt Ungmennaþing. Fulltrúar sóttu ráðstefnuna Untg fólk og lýðræði á Egilstöðum sem að þessu sinni fjallaði um þáttöku ungs fólks í skipulagsmálum í umhverfi sínu. Einnig sóttu þrír fulltrúar ráðstefnu á vegum Evrópu unga fólksins í Oslo ásamt ungmennaráðum víðsvegar úr Evrópu sem kallaðist Get your voice heard. Upp úr þeirri ráðstefnu myndaðist grunnur af samvinnu verkefni milli ungmennaráða í Noregi og Lettlandi sem stefnt er að að vinna næsta árið.

Loks hélt ráðið árlegt Ungmennaþing nú í apríl það sem ungu fólk var boðið að koma sínum hugmyndum um hvernig hægt væri að betrum baeta bæinn okkar. Ungmennaráðið hefur svo unnið að því síðast liðnar vikur að skoða þessar hugmyndir og setja saman við þær hugmyndir sem ráðið hefur rætt í veturn í dag ætlum við svo að kynna fyrir ykkur nokkrar af þessum hugmyndum og fyrst tekur til máls

Leiklistarmenning – Þórdís - Fræðsluráð

Ein hugmynd sem kom inn á Ungmennaþinginu var að hafa meira og fjölbreyttara leiklistaval.

Í veturn var leiklistarval í Gaflaraleikhúsini, nokkrir skólar úr Hafnarfirði tóku þátt í því. Valið byrjað í kringum, 6. janúar sýningin á grunnskólaháttíðinni var síðan 6. febrúar, við höfðum s.s einn manuð til þess að búta til leikrit, lagfæra það æfa og fullkomna fyrir sýningu. Auðvitað kom hún vel út og við vorum ánægð en þrátt fyrir það hefðum við viljað lengra leiklistarval og fjölbreyttari val í skapandi námsgreinum.

Hvernig væri það ef við hefðum verið með eitt leikrit fyrir jól og eitt eftir, hvað ef við værum að sýna leikrit núna í vor, sögðu krakkarnir úr leiklistavalinu? Margir fóru í leiklistarvalið því að þau gátu annaðhvort valið einhvernskonar heilsueflingu, upprisjun í námi eða 103 fög. Einhverjum dreymdi um myndmennt, aðrir óskuðu sér að læra skapandi skrif eða ljósmyndun. Þetta eru einnig fög sem skólar höfðu ætlað sér að bjóða upp á, en gátu það síðan ekki vegna þess að aðeins og fáir sóttu um. Væri það þá ekki ráðlegt að sameina skapandi valfög



*Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.*

**[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)**

að gæti haft mikil og jákvæð áhrif á félagslíf þessara einstaklinga,
þómu áhugamál og þú er ómissandi á okkar aldri.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

slu á ungt fólk – Íþróttá-og tómstundaneftir

- litið um skemmtanir fyrir ungt fólk á sumrin í heimabyggð
- þriggja daga útihátið á Thorsplani
- fjölbreytt skemmtiatriði, sölubásar
- sundlaugarpártí
- sunnudagurinn fyrir þau yngstu, karnival, leiktæki og andlitsmáling

Hér í bænum er mjög lítið um að vera yfir sumartímann og er það eitthvað sem þyrfti að bæta. Ef ungt fólk hefði tækifæri að finna sér skemmtun í heimabyggð þá myndi það leita minna utan bæjarins í afþreyingu auk þess sem staðan gæti auðveldlega leitt til stærri vandamála s.s. skemmdarverka og neyslu vímugjafa.

Ef halda ætti til dæmis þriggja daga útihátið á Thorsplani væri gaman að fá fjölbreytt skemmtiatriði frá fólk í af öllum stærðum og gerðum og margskonar sölubása. Einnig væri hægt að hafa markað yfir daginn þar sem ungt fólk gæti leigt bása og selt fót og aðra hluti. Á laugadagskvöldinu væru svo tónleikar og sölubáðar sem seldu mat og drykki. Einng væri hægt að halda sundlaugar partí á laugadagskvöldi og varpa tónleikunum upp á tjald svo það væri hægt að njóta tónleikana í sundi. Einnig væri hægt að prufu reyna þessa hugmynd á 17. júní næst komandi að hafa kvöld opnun í Suðurbæjarlaug og halda Þjóðhátiðar sundlaugarveislu með tónlist.

Á sunnudeginum væri svo tónleikana í sundi. Einnig væri hægt að hafa skemmtun fyrir minnstu kynslóðina með eitthverskonar karnival stuði svo sem andlitsmálingu, trúðum og leiktækjum.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

Almenningsgarður – Dvergslóð – Fjölskylduráð og ÍTH

- vantar viðkunnulegan garð fyrir ungt fólk í Hafnarfirði
- garð þar sem hægt er að graffa, liggja í sólbaði, sitja og spjalla o.sv.frv.
- gæti hugsanlega beint ungu fólk frá Firði og Thorsplani
- ungt fólk tilbúið að hjálpa til að gera garðinn upp

Hér í bænum er aðeins einn almennilegur almenningsgarður í Hafnarfirði, Hellisgerði og lítið um viðkunnulega staði til þess að dvelja á úti við á fallegum degi þá sérstaklega fyrir unga fólkid það er aðeins nú í sumar sem ráðhústorgið er að verða að fallegum stað.

Þess vegna leggjum við til að hér verði settur upp nokkurskonar garður eða svæði ekki ólíkur Hjartagarðinum sem staðsettur er í miðborg Reykjavíkur. Svæði þar sem unga fólkid getur komið og notið þess að vera saman og stundað hin ýmsu úti áhugamál eins og að graffa eða liggja í sólbaði jafnvel stunda jaðariþróttir eins og hlaupahjól, BMX hjól og hjólabretti. Það þyrfti stað sem unga fólkid hefur til að hanga með vinum í staðin fyrir að vera heima inni eða hanga í Firðinum þar sem ami þykir af þeim fyrir daglegt starf

Hingað til hefur Fjörður verið mikið athvarf fyrir stóran hóp unglings og Thorsplan þar sem mikill hávaði skapast. Nú hefur svæðið aftan við Dverg staðið autt í þó nokkurn tíma og er í mikilli niðurníslu þó svo að það hafi verið efnt til hugmyndasamkeppni um svæðið fyrir nokku þá virðist ekkert vera gerist í þessum málum.

Þegar unglings voru spurðir hvar hægt væri að koma fyrir þá nefna þeir nánast án undantekninga þetta svæði og hafa þeir jafnvel boðist til þess að hjálpa til að gera húsagarðinn upp. Þarna eru háir veggir sem hægt er að graffa á, körfuboltakarfa sem eina sem þyrfti að gera er að setja net í og setja upp einn eða tvo bekki til þess að tylla sér á. Einnig væri hægt að búa til litla rampa til þess að hjóla á.

Þegar við nefndum það að Dvergslóðin væri mögulega þegar tekinn þá kom upp sá möguleiki að búa til almenningsgarð í braggarústunum við Herjólfsgötu það er töluvert stærra svæði en Dvergslóðin en ekki eins vel staðsett auk þess sem veggir eru lægri til þess að graffa á svo það myndi fylgja því meiri kostnaður að koma því svæði í stand. Hins vegar byr svæðið yfir þeim kosti að vera ekki miðri íbúabyggð líkt og Dvergssvæðið og truflar það því ekki íbúa sem er með ópol fyrir hávaða.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

lega viðburði – íþróttá- og tómstundaneftnd

- sameiginleg „opin hús“ í félagsmiðstöðum
- félagsmiðstöðvar vinni meira saman
- skemmtun á Thorsplani, t.d. einu sinni í mánuði

Það er virkilega lítið um sameiginlega viðburði hjá félagsmiðstöðvum bæjarins. Innan félagsmiðstöðva þekkjast flestir, og það væri skemmtilegt ef það væri hægt að gefa krökkunum tækifæri á því að kynnast milli félagsmiðstöðva. Það kom mér virkilega á óvart þegar ég hóf nám mitt við Flensborgarskólann síðasta haust, hvað ég þekkti fáa krakka innan bæjarins. Ég vissi jafnvel ekki hver helmingur þessa fólks væri. Því held ég kæra bæjarstjórn, að það sé mikilvægt að gefa krökkunum tækifæri á því að eyða tíma saman með nokkrum félagsmiðstöðvum og hafa viðburði sem fleiri en ein félagsmiðstöð myndi halda.

Það sem hægt væri að gera, væri að hafa sameiginleg „opin hús“ eins og er reglulega í félagsmiðstöðvum, því við gerum okkur grein fyrir því að það er ekki til peningur til þess að gera eitthvað mikið í hvert skipti.

Það væri hægt að gera marga skemmtilega viðburði og jafnvel að láta tvær félagsmiðstöðvar vinna meira saman. Hægt væri að nota Thorsplanið til skemmtana á kvöldin. Hafa þá kansi einn föstudag í mánuði eitthvað skemmtilegt að gerast þar. Ef að þið, kæra bæjarstjórn mynduð hjálpa okkur að koma þessu í gagnið, þá eru margar hugmyndir unginganna í bænum sem gætu orðið að veruleika.



*Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.*

***Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features***



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

Einelti er eitt af málunum sem krakkarnir vilja að sé tekið betur á. Eins og við öll vitum þá er einelti alvarlegt mál og oft ekki tekið nóg vel á málunum. Krakkar eru kannski teknir inn og talað við þau og svo bara búið, það er ekkert nóg.

Þegar einelti kemur upp þá ætti fyrst og fremst að fá fund með foreldrum förmalambs og foreldra gerenda eða gerendur og fá krakkana til að mæta líka en ekki byrja á því að tala við krakkana eina það gerir oftast bara verra því eftir þennan "fund" þá fara krakkarnir oftast að tala saman og byrja afhverju sagðir þú þetta og svo frammvegis.

Krakkar vilja líka fá skyndihjálp í skólana. Hægt er að reyna að koma skólunum í samstarf við Rauða krossin eða Björgunarsveitina. Nota lífsleiknitíma í skyndihjálp og fræðslu. Ég hef komið með þessa kenningu áður að oftast eru lífsleiknitímar ekki notaðir í fræðslu heldur að nota tímann að klára heimanámið. Ég held að það sé ástæða fyrir því að þetta er kallað lífsleikni þessir tímar eiga að koma krökkunum frá bókunum og gera eithvað annað eins og leiki, kynfræðslu eða skyndihjálp svo eithvað sé nefnt en það hefur algjörlega misst sína meiningu.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

Við í Ungmennaráðinu fengum margar góðar hugmyndir frá ungmönnum í bænum það sem þau vilja fá í skólana. Tölvur, Ipad og net. Krakkarnir í skólunum vilja fá fleiri tölvur í skólana eða jafnvel fá Ipada sem geta hjálpað þeim í náminu.

Þar geta krakkarnir skrifað glósur og gert verkefni og sent kennurum og það spara pappír þau þurfa ekki að prenta út og krakkarnir geta sent glósur og verkefni á milli sín. En samt ekki í öllum fögum hafa líka í huga að krakkarnir þurfa á skrift að halda og hafa í allavega stórum fögum og stórum verkefnum að hafa tölvur og að þau þurfa ekki að prenta það út.

Einnig hafa krakkarnir verið að kvarta yfir hversu slæmt netið er í skólum. Krakkarnir vilja líka fá leikjatölvur í skólana sem þeir geta nýtt sér í frímínútum og fleiru.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

framkvæmdaráð

Hér í bænum er tjöldin allur af göngustígum sem eru í mjög misgóðu ástandi margir stíganna eru frostsprungir og hreint og beint hættulegir. Auk þess sem stígarnir liggja vanalega í fallegu umhverfa og því verður ljótur stígr lítí á umhverfinu. Meirihluta vegfarenda þessara stíga er fólk á skólaaldri á leið í og úr skóla eða tómstundir. Göngustígur í sem liggur í skólahverfi er farinn u.þ.b 250 sinnum á venjulegum mánudegi. Svo mikilvægi þess að halda þeim við er augljóslega afar mikilvæg. Stígarnir eru ekki aðeins notaðir eru ekki aðeins notaðir af gangandi vegfarendum heldur eru þeir líka farnir á reiðhjólum, göngugrindum, hjólastólum, hjolabrettum, hlaupahjólum og línuskautum. Að minnsta kosti þeir stígar sem eru í á standi til þess að bera þessa mismunandi umferð. Allt of oft lendir kemur upp staða að það þarf að fara króka leið eða bera farartækið til þess að komast leiðar sinnar t.d á hjólabretti eða hlaupahjóli. Auk þess sem fólk sem þarf að notast við hjólastól eða styðjast við göngugrind kemst ekki leiðar sinnar á stígunum. Auk slæms ástands stíganna sjálfra er mikill skortur á ruslatunnum við stígan svo einstaklingur sem fer um stígginn til dæmis með hund freistast sennilega mun frekar til þess að taka ekki upp úrgang eftir hundinn ef næsta ruslatunna er ekki sjánleg. Þetta væri eitthvað sem auðvelt að bæta.

Ungmennaráði barst tvær góðar hugmyndir á ungmenna þingi um göngustígana sú fyrri varðaði það að hvergi mætti finna klukkur í Hafnarfirði úti við nema við skóla og þeim þyrfti að fjölgja sem er rétt það eru aðeins um tíu staðir í bænum sem klukkur eru staðsettar úti við. Rök ungmennana fyrir því afhverju klukkur séu nauðsynlegar eru þær að þá minnkar þörfin fyrir að vera sífellt með síma á sér til dæmis á leið á æfingu. Hin hugmyndin varðaði það að gróður setja mætti fleiri tré við stíganum sem liggja á bersvæði það myndi gera þá meira aðlagandi og skjólbetri og minnka hættuna á því að fjúka



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

Á ungmennaþingi í apríl síðastliðinum komu fram nokkrar ábendingar um mat í grunnskólum. Þó nokkrir bentu á það að í staðinn fyrir að fá sendan mat í skólanum sem er svo upphitaður, þá væri betra að hafa kokk sem eldar hann frá grunni í skólunum. Þá værir maturinn miklu freskari og bragbetri. Maturinn sem er boðið upp á nú myndi enginn fullorðin láta bjóða sér enda mótmæltu kennrarar úr Hafnarfirði matnum í vetur. Einnig hafa krakkarnir verið að kvarta yfir því að það sé engin fjölbreytni í mat í skólanum. Það sé oftast það sama í hverri viku eða aðra hverja viku, þau eru orðin leið að fá alltaf sama matinn. Maturinn þarf ekki endilega að vera heitur þess vegna leyfa þeim að fá eitthvað aðeins fjölbreyttara eins og skyr eða kjúklinga salat eða eitthvað ekki alltaf fiskur, pasta og grautur.

Að auki komu nokkrar ábendingar um að segja enduvinnslutunnur í alla skóla, það myndi kenna börnum/ungmennum að enduvinna rusl og myndi líka kenna almenna umgengni með mat o.sv.frv.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

jölskylduráð

- vantar fleiri tækifæri innan unglingsvinnunnar
- fögnum því samt því sem er í boði
- bendum þó á að það vantar tónlistarhópinn, graffarahóp og fleiri skemmtilega hópa
- hópur sem útfærir ruslatunnur bæjarins á þann hátt að fólk taki eftir
- virkjum ungt fólk til sköpunar

ÍTH er aðal vinnuveitandi flestra unglings í Hafnarfirði. Þó eru margir sem leita sér vinnu annarstaðar. Fínt væri ef unglingsvinnan væri fjölbreyttari og að fleiri tækifæru myndu bjóðast okkur, listahópurinn, ferðamála hópur, leikjarnámskeið, skólagarðar, fjölmíðlahópur og jafningjafræðsla eru góð dæmi um fjölbreytt starf innan unglingsvinnunnar. Gaman væri að fá aftur tónlistahópinn og graffara hópinn, eða bara að skapa nýja og skemmtilegri hópa.

Upp kom sú hugmynd að gera ruslatunnur bæjarins vinalegri, sjáanlegri og frumlegrí. Til dæmis að í sumar muni hver hópur innan unglingsvinnunnar mála nokkrar ruslatunnur í bænum í skemmtilegum og jákvæðum litum, sem gerir það miklu skemmtilegra að henda rusli og auðvitað skemmtileg stemming innan unglings vinnunnar. Það þarf hvort sem er að borga ákveðnum fjölda laun og afhverju ekki fyrir það að gera eitthvað sem þau græða á og njóta. Því þá er líklegra að krakkar sækjí í að vinna hjá bænum. Ef bærinn minn býður upp á skemmtileg sumarstörf vil ég frekar vinna hjá bænum og líklegra að ég sækjí um hjá ÍTH í framtíðinni.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

þitta-og tómstundaneftir

- sífellt fleiri sem stunda hjólabretti í Hafnarfirði
- mikilvægt að hafa svæði, hjólabrettagarð, þar sem hægt er að stunda íþróttina

Ég er hérra kominn til að tala um hið svokallaða „Skate Parkð (með öðrum orðum hjólabrettagarð) og körfuknattleik og ætla ég að byrja að tala um Skate Park.

Ungmenni nú til dags laðast sífellt meir að því áhugamáli, eða því farartæki er kallast hjólabretti.

Og þar sem fleiri og fleiri ungmanni hafa byrjað að nota það, er farið að þurfa sérhannað svæði þar sem hjólabrettafólk getur leikið listir sínar svo þeir stíflí ekki almenningsgötur bæjarins. Ég meina, það að láta umrædd ungmanni valsa um göturnar á hjólabrettum er eins og að spila fótbalta í brekku, eða körfubolta á grasi, það er alveg hægt að gera það en það er margfalt óþægilegra og leiðinlegra og hví að gera það þegar hægt er að hanna og smíða hjólabrettagarð fyrir ekki það háar fjárhæðir. Svo hví ekki að byggja fótboltavöllinn fyrir NEÐAN brekkuna, og malbika yfir grasið svo hægt sé að spila körfubolta þar. Hví ekki að reisa hjólabrettagarð í staðinn fyrir að teppa gönguleiðir almennings með ungmennum á hjólabrettum.



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

- körfuboltavellir of fair

- körfuboltavellir ílla hirtir ó nauðsynlegt að laga

Körfuknattleikur, eða körfubolti, er ekki aðeins íþrótt, ekki áhugamál, og ekki einu sinni skemmtun. Fyrir suma, eins og mig, er körfubolti eitthvað miklu meira. Körfubolti er vinur minn. Þegar einhver í skólanum gefst upp á mér eða þegar manni líður illa, eða jafnvel þegar kærasta manns hættir með manni, þá hættir körfuboltinn ekki með mér, hann gefst ekki upp á þér og hann reynir sem best hann getur að leiða huga þinn frá sorglegum málefnum. Og nú virðist sem einhver sé að reyna að taka körfuboltann frá okkur.

Í fyrra, rétt fyrir jól, komst ég (ásamt vini mínum) í U-15 landsliðsbúðirnar og þar sem ég er MJÖG metnaðargjarn vildi ég auðvitað strax fara út að æfa mig, svo ég fór í íþróttaföt tók körfuboltann minn og fór út á körfuboltavöllinn sem stendur fyrir utan húsið mitt. En þegar ég kem þangað man ég skyndilega að sá völlur er ónýtur og hefur verið þannig í nokkur ár núna en samt hefur ekki verið gerð nokkur til að laga hann. Umraeddur körfuboltavöllur stendur fyrir framan Vallarbarð 1 og þarf að laga hringina í körfunum þar sem þær eru allar bognar og beyglaðar, einnig þarf að laga og styrkja festingarnar og setja ný net í körfurnar. Hægt væri að setja keðjunet þar sem það er miklu sterkara og slitnar þá ekki eins og netin sem eru núna á körfunum.

En já aftur að sögunni, þegar ég komst að því að körfurnar voru ónothæfar lagði ég leið mína að Ljónagryfjunni á Holtinu (fyrir framan Eyrarholt 1) og byrjaði að skjóta á körfuna sem er þar, en vegna þess að það er ekkert net í körfunni þá stoppaði boltinn ekki undir körfunni eins og hann á að gera heldur rúllaði áfram og niður brekku sem er þarna. Þegar ég var að verða verulega pirraður, hringdi vinur minn. Við töluðum saman í smá stund og þar lærðist mér að hann hefði átt í sömu erfiðleikum og ég, hann gat varla fundið körfu til að æfa sig á, en svo loksns þegar hann gerði það var karfan ónýt eða ónothæf.

Eins og þið sjáið er þetta alvarlegt vandamál, það er of lítið um körfur í Hafnarsírði og þær fáu sem hér eru, eru annað hvort ónýtar, ónothæfar eða á KOLVITLAUSUM stað. Mér finnst að það ætti að laga þessar ónýtu og svo byrja að bæta körfum víðs vegar um bæinn. Nema náttúrulega við viljum ekki hafa neina Hafnfirðinga í íslenska landsliðinu.

g Íþrótt-a-og tómstundaneftnd



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

[Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features](#)

- þakklát fyrir jafningjafræðsluna sem verður í boði í sumar
- nauðsynlegt að fá fræðslu um þunglyndi, geðraskanir, sjálfsvígshugsanir, samkynhneigð
- vanda þá vinnu vel
- samræma fræðslu á milli allra skóla í Hafnarfirði
- hvert á að leita ef eitthvað bjátar á

Við fulltrúar í Ungmennaráði Hafnarfjarðar kölluðum eftir tillögum ungs fólk í Hafnarfirði um hvaða megi gera betur í forvarnarmálum þar sem málefnið hefur komið upp mjög reglulega í vetur. Ýmsar tillögur voru lagðar fram og erum við að vonum ánægð með að fá að vinna með sjónarmið, skoðanir og reynslu ungmenna í Hafnarfirði.

En spurningin er í raun þessi hvað getum við get til þess að stuðlða að heilbrigðum lífsháttum ásamt góðri sjálfsmynd ungs fólks í Hafnarfirði? Svarið er svo sannarlega ekki miðaldra kona að ræða um hvernig er að vera ungar í dag. Hinsvegar fögnum við því mjög að starfrækt verði jafningjafræðsla í bænum í sumar og starfa fjórír fulltrúar Ungmennaráðs með henni þetta sumarið

Okkur þykri mikilvægt að virðing fyrir fjölbreytileika mannlífsins þurfi ávallt að vera til staðar og einnig að vinna gegn fordómum sé virk. Við eignum öll rétt til þess að vera við sjálf. Hver og einn á að gera sér grein fyrir eigin ábyrgð en nauðsynlegt er að fá stuðning umhverfisins til þess að fá fræðslu um málefni eins og þunglyndi, geðraskanir, sjálfsvígshugsanir, hinseigin hugtökum kynfræðslu sem hentar öllum kynhneigðum, einelti og svo frammvegis.

Miðla þarf upplýsingum til ungs fólks um þessi málefni sem þykja erfið því ef fjallað er um þau áður en vandinn hefst þá er sterkari möguleiki á því að úrlausnin taki ekki eins á. Því þarf að vanda þessa vinnu vel.

Samræma þarf fræðsluna milla allra skóla í Hafnarfirði þannig að vinnan sé svipuð milli skóla. Einng teljum við að nauðsynlegt sé að miðla til ungs fólks hvert sé hægt að leita ef eitthvað bjátar á og traust þeirra til skólakerfisins er nú þegar brostin.

Kveðja, María.
kynnt af Geir